

## GREINARGERÐ

### um skilgreiningu bifreiðaumboða, bifreiðasala og vélasala meðal tilkynningaskyldra aðila í skilningi ákvæða laga um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka

Bls. | 1

Þrjár spurningar hafa komið fram á vettvangi SVP – Samtaka verslunar og þjónustu sem allar snúa að stöðu bifreiðaumboða, bifreiðasala og lánamiðlara í ljósi ákvæða laga nr. 140/2018, um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka.

- Í fyrsta lagi hver hafi verið ástæða þess að bifreiðaumboð, bifreiðasalar og lánamiðlarar eru hér á landi tilgreindir meðal tilkynningaskyldra aðila.
- Í öðru lagi hvort og í hvaða EFTA-ríkjum, norrænu ríkjum og ESB-ríkjum bifreiðaumboð, bifreiðasalar og lánamiðlarar séu meðhöndlaðir með slíkum hætti.
- Í þriðja lagi, í þeim tilvikum þar sem bifreiðaumboð, bifreiðasalar og lánamiðlarar hafa verið tilgreindir meðal tilkynningaskyldra aðila í framangreindum ríkjum, hvaða rök hafi legið því að baki.

Skrifstofa SVP hefur tekið framangreindar spurningar til skoðunar og eru samandregin svör eftirfarandi:

- I. Sú ráðstöfun að skilgreina bifreiðaumboð og bifreiðasala sem tilkynningaskylda aðila var gerð að tillögu Skattsins sem grundvallaðist á því að stofnunin teldi þessa aðila ekki gera sér nægilega vel grein fyrir þeirri almennu tilkynningaskyldu sem er felld á þá sem eiga viðskipti þar sem *greitt er með reiðufé* og greiðslan nemur 10.000 evrum eða meira. Skilgreining lánamiðlara sem tilkynningaskyldra aðila grundvallaðist á því mati meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar að með því að skilgreina lánveitendur og lánamiðlara samkvæmt lögum um neytendalán sem tilkynningaskylda aðila mundu yfirvöld öðlast breiðari yfirsýn yfir málaflokk neytendalána, einkum m.t.t. smálána, sem aftur mundi greiða fyrir viðeigandi viðbrögðum þegar upp kæmu mál sem væru erfið viðureignar.
- II. Í engu EFTA-ríki eða norrænu ríki eru bifreiðaumboð og bifreiðasalar með beinum hætti skilgreindir sem tilkynningaskyldir aðilar heldur ræðst staðan m.t.t. slíkra aðila af almennum ákvæðum sem fella alla atvinnurekstraraðila undir tilkynningaskyldu þegar þeir taka á móti greiðslum í reiðufé yfir tiltekinni fjárhæð (e. High Value Traders). Ekki verður séð að lánamiðlarar séu skilgreindir sem tilkynningaskyldir aðilar með beinum hætti í hinum EFTA-ríkjunum en þeir eru það hins vegar aðeins í Finnlandi af hinum Norðurlöndunum og af nokkuð óljósum ástæðum. Benda má á að í Noregi og Danmörku hefur verið lagt almennt bann við móttöku reiðufjár í viðskiptum yfir tilteknum fjárhæðarmörkum og nær það m.a. til bifreiðaumboða og bifreiðasala. Frá gildistöku sjöttu peningaþvættistilskipunar ESB hafa vélknúin ökutæki verið skilgreind sem háverðmætavörur í ESB-ríkjunum nemi kaupverð þeirra 250.000 evrum eða meira og þeir sem með slíkar vörur sýsla eru skilgreindir sem tilkynningaskyldir aðilar. Þá hafa lánamiðlarar frá þeim tíma einnig verið skilgreindir sem fjármálafyrirtæki og þar með færðir undir tilkynningaskyldu en þó því aðeins ef þeir hafa umsjón með fjármunum, þ.e. peningaseðlum og mynt, inneign á reikningum eða rafeyri, í tengslum við gerð lánasamnings.

- III. Svarið við spurningu II er í raun það að ekkert EFTA-ríkjanna og hinna Norðurlandanna sem tekin voru til skoðunar skilgreinir bifreiðaumboð og bifreiðasala með beinum hætti sem tilkynningaskylda aðila í innlendri löggjöf og því er ekki tilefni til að svara spurningunni í því tilliti. Af umfjöllun á vettvangi ESB og FATF verður þó helst ráðið að ráð þyki að aðgerðir gegn peningapvætti og fjármögnun hryðjuverka beinist að verðmætari enda bifreiðamarkaðarins, þ.e. viðskiptum með það sem kalla mætti lúxusbifreiðar. Svipuð staða er uppi m.t.t. lánamiðlara, ekkert EFTA-ríkjanna og aðeins Finnland af hinum Norðurlöndunum skilgreinir lánamiðlara með beinum hætti sem tilkynningaskylda aðila í innlendri löggjöf. Það hefur einnig verið gert með reglugerð ESB sem hefur til grundvallar lagt þau rök að ástæða sé til að ætla að ætla að starfsemi sumra lánamiðlara, sem hvorki teljast fjármálafyrirtæki né lánveitendur, sé undirorpin hættu á því að verða nýtt til peningapvættis og fjármögnunar hryðjuverka en það eigi þó ekki við um miðlara sem starfa í umboði fjármálafyrirtækja eða lánveitenda sem veiti samþykki og afgreiði lán frá sér.

Verður nú gerð nánari grein fyrir forsendum svaranna sem hér hafa verið veitt við framangreindum spurningum.

### **Spurning 1: Hver var ástæða þess að bifreiðaumboð, bifreiðasalar og lánamiðlarar voru skilgreindir sem tilkynningaskyldir aðilar á Íslandi?**

#### *A. Bifreiðaumboð og bifreiðasalar*

1. Af orðalagi 1. gr. laga nr. 140/2018 má ráða að það sé forsenda þess að tilkynningaskylda sé lögð á tiltekinn aðila að hann stundi starfsemi sem kann að verða notuð til peningapvættis eða fjármögnunar hryðjuverka. Af ákvæðum a- og n-liða 1. mgr. 2. gr. laganna leiðir að lánamiðlarar, bifreiðaumboð og bifreiðasalar hafa af löggjafanum verið skilgreindir sem tilkynningaskyldir aðilar í skilningi laganna. Samhengis vegna er rétt að taka fram að tilkynningaskyldum aðilum er gert skylt að þekkja deili á viðskiptamönnum sínum og starfsemi þeirra og tilkynna um það til lögbærra yfirvalda vakni grunur um eða verði þeir varir við slíka ólögsmæta starfsemi. Í því skyni eru felldar á þá ríkar skyldur sem óþarft er að fjalla nánar um í þessari greinargerð m.t.t. þeirra spurninga sem óskað var svara við.
2. Bifreiðaumboð og bifreiðasalar voru ekki skilgreindir sem tilkynningaskyldir aðilar við setningu laga nr. 140/2018 heldur á sú skilgreining rót sína að rekja til b-liðar 1. gr. breytingalaga nr. 96/2020. Fyrir gildistöku breytingalaganna féllu aðeins fasteignasölur og fasteigna-, fyrirtækja- og skipasalar undir ákvæði n-liðar 1. mgr. 2. gr. laga nr. 140/2018. Í greinargerð frumvarps til breytingalaga nr. 96/2020 er tekið fram að frumvarpið hafi verið samið í dómsmálaráðuneytinu í þeim tilgangi að ljúka við innleiðingu í íslenskan rétt á ákvæði tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/843 frá 30. maí 2018 um breytingu á tilskipun (ESB) 2015/849 um ráðstafanir gegn því að fjármálakerfið sé notað til peningapvættis eða til fjármögnunar hryðjuverka og um breytingu á tilskipunum 2009/138/EB og 2013/36/ESB. Þá segir jafnframt að markmið gerðarinnar sé að koma í veg fyrir notkun á fjármálakerfinu til peningapvættis eða fjármögnunar hryðjuverka, m.a. í ljósi hryðjuverkaárása í Evrópu. Í umfjöllun um samræmi við stjórnarskrá og alþjóðlegar skuldbindingar er efnislega tekið fram að frumvarpinu sé m.a. ætlað að ljúka við innleiðingu

á fimmtu peningaþvættistilskipun Evrópusambandsins í innlenda löggjöf eins og Íslandi er skylt vegna aðildar sinnar að EES-samningnum og jafnframt tryggja að Ísland uppfylli þær skuldbindingar sem það hefur undirgengist með aðild sinni að FATF. Í umfjöllun um samráð kemur fram að efasemdum hafi verið lýst um að bifreiðaumboð og bifreiðasalar verði felldir undir gildissvið laganna. Um efasemdirnar segir m.a. í greinargerðinni: „Þykir mikilvægt að taka af öll tvímæli um að bifreiðaumboð og bifreiðasalar falli undir gildissvið laganna. Ákvæðið byggir á tillögu Skattsins sem er annar tveggja eftirlitsaðila með peningaþvætti. Reynsla embættisins af beitingu laganna hefur leitt í ljós að skýra þurfi lögum um þetta atriði.“ Í sérstökum athugasemdum við 1. gr. frumvarps til breytingalaga nr. 96/2020 er tilkynningaskylda bifreiðaumboða og bifreiðasala ávörpuð beinum orðum. Þar segir: „Ákvæðið byggir á tillögu embættis ríkisskattstjóra og reynslu embættisins af beitingu laganna. Í skýringum við frumvarp til núgildandi laga kemur fram að ákvæði r-liðar gildi m.a. um bílasölur þegar sala nær þeim fjárhæðum sem um er getið í ákvæðinu. Fjallað er um skyldur bifreiðasala í lögum um verslunaratvinnu, nr. 28/1998. Þykja sömu sjónarmið gilda um bifreiðaumboð og bifreiðasala annars vegar og fasteignasölur, fasteignasala, skipasala og fyrirtækjasala hins vegar. Lagt er til að fella starfsemi þessara aðila með skýrum hætti undir gildissvið laganna óháð fjárhæðum í viðskiptum. Með því er komið í veg fyrir þá óvissu sem komið hefur upp um þetta atriði við framkvæmd laganna.“

3. Við meðferð breytingalagafrumvarps nr. 96/2020 á vettvangi efnahags- og viðskiptanefndar bárust nefndinni níu erindi og umsagnir. Í minnisblaði dómsmálaráðuneytisins (dbnr. 2293) var lögð til orðalagsbreyting á orðalagi b-liðar 1. gr. frumvarpsins (nú n-liður 1. mgr. 2. gr. laga nr. 140/2018) sem hafði þann yfirlýsta tilgang að auka skýrleika ákvæðisins og leiðrétt innsláttarvillur. Virðist meiri hluti efnahags- og viðskiptanefndar hafa gert þá tillögu að sinni í nefndaráli (þskj. 1694). Með seinna minnisblaði dómsmálaráðuneytisins (dbnr. 2354) brást ráðuneytið við beiðni efnahags- og viðskiptanefndar um nánari skýringar á efni frumvarpsins með vísan til fyrri minnisblaðs. Í kafla með fyrisögnina *Breytingartillaga varðandi tilkynningarskylda aðila - 1. gr. frv.* segir m.a. að breytingartillaga varðandi bifreiðaumboð og bifreiðasala sé gerð að tillögu embættis ríkisskattstjóra og byggji á reynslu af framkvæmd laga nr. 140/2018. Í neðanmálgrein segir: „Samkvæmt lögum nr. 140/2018 falla bifreiðaumboð og bifreiðasalar undir lögum þegar um er að ræða viðskipti að fjárhæð 10.000 evrur eða meira.“ Í umsögn Seðlabanka Íslands (dbnr. 2141) er vikið að b-lið 1. gr. frumvarpsins. Segist Seðlabankinn ekki gera athugasemdir við efni staflíðarins en bendir þó á að verði frumvarpið að lögum verði lánamiðlarar samkvæmt lögum nr. 33/2013, um neytendalán, sem í mörgum tilvikum séu einnig bifreiðasalar undir eftirliti bæði Skattsins og Fjármálaeftirlitsins að því er varðar aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. Þá segir: „Í ljósi þess að fyrirhugað er að Skatturinn hafi þetta eftirlitshlutverk með höndum sé lagt til að lánamiðlarar sem jafnframt eru bifreiðasalar verði undanskildir eftirliti Fjármálaeftirlitsins samkvæmt lögum“. Í umsögn Ríkisskattstjóra (dbnr. 2118) er jafnframt vikið að b-lið 1. gr. frumvarpsins. Þar kemur fram að Ríkisskattstjóri telji mjög til bóta að bifreiðasala verði felld undir n-lið 1. mgr. 2. gr. laga nr. 140/2018 og vísar í því efni til sjónarmiða sem koma fram í greinargerð frumvarpsins. Þá segir: „Að því sögðu, og með vísan til reynslu embættisins af framkvæmd þpl. síðan þau voru sett, telur embættið tilefni til enn frekari breytinga á því hvaða aðilar falli skilyrðislaust undir gildissvið laganna, óháð öllum fjárhæðarmörkum. Það er mat ríkisskattstjóra að aðilar, sem gætu fallið undir r-lið 1.

mgr. 2. gr. pbl., skilgreini sig gjarnan ranglega utan gildissviðs þeirra eða eru óvissir um réttarstöðu sína. Þykir rétt að taka fram í því samhengi að fjórða og fimmta peningaþvættistilskipunum Evrópuþingsins og -ráðsins, nr. 2015/849 og 2018/843, gera einungis lágmarkskröfur til aðildarríkja og því er heimil innleiðing strangari reglna, telji aðildarríki þörf á.“

4. Til hliðsjónar er til þess að horfa að hinn 4. september 2025 svaraði dómsmálaráðherra fyrirspurn Bergþórs Ólasonar alþingismanns um tilkynningaskylda aðila. Með fyrirspurninni óskaði Bergþór m.a. svars við þeirri spurningu hvort hér á landi teldust fleiri til tilkynningarskyldra aðila en teldust til slíkra aðila samkvæmt ákvæðum tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/849 og ef svo væri, hvaða rök stæðu því að baki. Í svari ráðherra segir m.a.: „Loks hefur áhættumat og eftirlitsframkvæmd stjórnvalda haft í för með sér að tiltekna starfsgreinar og starfsemi fellur undir gildissvið laganna hér á landi með öðrum hætti en leiðir af tilskipunum. Má sem dæmi nefna að í h-lið 1. mgr. 2. gr. þeirra eru tilgreind bifreiðaumboð og -sala auk fyrirtækja- og skipasala, sem teljast tilkynningarskyldir óháð fjárhæðum í viðskiptum. Í stjórnarfrumvarpi þáverandi dómsmálaráðherra sem lagt var fyrir 150. löggjafarþing 2019–2020 um breytingar á lögum nr. 140/2018, sem varð að lögum nr. 96/2020, þar sem þessar breytingar voru lagðar til, kom fram: „[l]agt er til að við n-lið 1. mgr. 2. gr. laganna bætist bifreiðaumboð og bifreiðasalar. Ákvæðið byggir á tillögu embættis ríkisskattstjóra og reynslu embættisins af beitingu laganna. Í skýringum við frumvarp til núgildandi laga kemur fram að ákvæði r-liðar gildi m.a. um bílasölur þegar sala nær þeim fjárhæðum sem um er getið í ákvæðinu. Fjallað er um skyldur bifreiðasala í lögum um verslunaratvinnu, nr. 28/1998. Þykja sömu sjónarmið gilda um bifreiðaumboð og bifreiðasala annars vegar og fasteignasölur, fasteignasala, skipasala og fyrirtækjasala hins vegar. Lagt er til að fella starfsemi þessara aðila með skýrum hætti undir gildissvið laganna óháð fjárhæðum í viðskiptum. Með því er komið í veg fyrir þá óvissu sem komið hefur upp um þetta atriði við framkvæmd laganna.“ Í meðförum þingsins voru gerðar umtalsverðar breytingar á frumvarpinu af hálfu meiri hluta nefndarinnar í því skyni að fella fleiri aðila undir lögin. Þar kom fram að: „[b]reytingarnar miða m.a. að því að aðlaga frumvarpið reynslu af beitingu laga nr. 140/2018, um peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka.“
5. Samhengis vegna og í ljósi umfjöllunar ráðherra, um að áhættumat og eftirlitsframkvæmd stjórnvalda hafi haft í för með sér að tiltekna starfsgreinar og starfsemi var felld undir gildissvið laga nr. 140/2018 með öðrum hætti en leiðir af tilskipunum sem hafa verið með þeim innleiddar, er rétt að taka fram að áhættumöt Ríkislögreglustjóra vegna peningaþvættis og fjármögnunar hryðjuverka eru frá árunum 2021 og 2023. Þau lágu því ekki fyrir þegar breytingalög nr. 96/2020 tóku gildi og bifreiðaumboð og bifreiðasalar voru skilgreindir sem tilkynningaskyldir aðilar. Því getur ekki komið til álita að sú aðgerð að fella þessa aðila undir tilkynningaskylduna með beinum hætti hafi helgast af niðurstöðum þeirra tveggja áhættumata sem Ríkislögreglustjóri hefur framkvæmt.
6. Af framangreindu leiðir að bifreiðaumboð og bifreiðasalar voru felldir undir tilkynningaskyldu að tillögu Skattsins. Verður ekki betur séð en að til grundvallar hafi legið það mat Skattsins sem eftirlitsaðila samkvæmt ákvæðum laganna að bifreiðasalar og bifreiðaumboð gerðu sér lítt grein fyrir því að þau teldust til tilkynningaskyldra aðila á grundvelli r-liðar 1. mgr. 2. gr. laga nr. 140/2018. Í því ákvæði var ekki einfaldlega kveðið á um almenna tilkynningaskyldu aðila í atvinnurekstri „þegar um er að ræða viðskipti að

fjárhæð 10.000 evrur eða meira“ eins og fram kom neðanmáls í seinna minnisblaði dómsmálaráðuneytisins (dbnr. 2354) heldur þegar slíkir aðilar „eiga viðskipti sem greitt er fyrir með reiðufé, hvort sem viðskiptin fara fram í einni greiðslu eða fleiri sem virðast tengjast hver annarri, að fjárhæð 10.000 evrur eða meira miðað við opinbert viðmiðunargengi eins og það er skráð hverju sinni“.

## B. Lánamiðlarar

7. Lánveitendur og lánamiðlarar samkvæmt lögum um neytendalán urðu ekki tilkynningaskyldir aðilar fyrr en við gildistöku 8. gr. breytingalaga nr. 163/2019 en fyrir þann tíma voru aðeins fjármálafyrirtæki samkvæmt skilgreiningu laga um fjármálafyrirtæki tilkynningaskyld skv. a-lið 1. mgr. 2. gr. laga nr. 140/2018. Skilgreiningin á lánamiðlara er svohljóðandi: „Einstaklingur eða lögaðili sem starfar ekki sem lánveitandi og í atvinnuskyni gegn fjárhagslegum ávinningi kynnir eða býður neytendum lánsamninga, aðstoðar neytendur með því að taka að sér undirbúningsvinnu fyrir lánsamninga eða gerir lánsamninga við neytendur fyrir hönd lánveitanda.“ Í almennum athugasemdum frumvarps til laga nr. 33/2013 segir m.a.: „Í ákvæðinu er hugtakið lánamiðlari skilgreint. Erlendis, sér í lagi í Bandaríkjunum og Bretlandi, er mjög algengt að lánamiðlarar hafi milligöngu um veitingu fasteignalána, en sú þróun hefur ekki átt sér stað hérlendis. Algengasta form lánamiðlara sem starfa hér á landi eru verslanir sem bjóða upp á fjármögnun frá þriðja aðila vegna vörukaupa neytanda (e. Point Of Sale Financing). Sem dæmi um lánamiðlara sem starfa hér á landi má nefna bílasölur, raftækjaverslanir, húsgagnaverslanir og tölvuverslanir þegar þessir aðilar eru milligönguaðilar um lánveitingu vegna sölu á vörum frá þeim sjálfum til neytanda.“ Í sérstöðum athugasemdum við 9. gr. frumvarpsins segir m.a.: „Færst hefur í aukana að vöru- og þjónustuveitendur bjóði neytendum upp á að ganga frá lánsamningi um fjármögnun hinnar keyptu vöru- eða þjónustu á staðnum. Seljandi er þá allajafna að miðla lánnum í aukastarfi, þ.e. aðalstarf hans er sala vöru eða veiting þjónustu og lánamiðlun aðeins viðbótarþjónusta sem boðið er upp á neytendum til hægðarauka. Í slíkum tilfellum er lánamiðlari ekki bundinn af þeim upplýsingakröfum er fram koma í 7.–8. gr. frumvarpsins. Veita á neytanda upplýsingar samkvæmt greinunum, en sú skylda hvílir á lánveitanda ekki lánamiðlara. Í flestum tilfellum mun þó lánamiðlari væntanlega sjá um að veita lántaka umræddar upplýsingar á grundvelli samnings við lánveitanda þess efnis.“
8. Ekki var gert ráð fyrir því að tilkynningaskylda yrði lögð á lánveitendur og lánamiðlara þegar frumvörp til laga nr. 140/2018 og breytingalaga nr. 163/2019 voru lögð fram á Alþingi. Ákvæði í þá veru bætt við frumvarp til breytingalaga nr. 163/2019 við þinglega meðferð að frumkvæði meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis. Frumvarpið var unnið í atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu á grundvelli vinnu starfshóps um endurskoðun á starfsumhverfi smálánafyrirtækja. Í nefndaráliti meirihluta efnahags- og viðskiptanefndar um frumvarpið kemur m.a. fram að nefndinni hafi borist ábending þess efnis að tilefni gæti verið til að fella starfsemi smálánafyrirtækja undir gildissvið laga nr. 140/2018 og gera hana háða eftirliti Fjármálaeftirlitsins samkvæmt þeim lögum. Svohljóðandi rök voru m.a. færð fyrir tillögu meirihlutans: „Með því að fella neytendalánastarfsemi undir lög um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka eflist opinbert aðhald og eftirlit með starfseminni til muna auk þess sem eftirlit á grundvelli þeirra laga er annars eðlis en við á um eftirlit Neytendastofu á grundvelli laga um neytendalán. Meiri hlutinn vonast til að með

Þessu móti öðlist yfirvöld breiðari yfirsýn yfir málaflokkinn sem greiði fyrir viðeigandi viðbrögðum þegar upp koma mál sem eru erfið viðureignar.“ Þá sagði: „Nefndinni er kunnugt um að heildarendurskoðun á löggjöf um peningaþvætti og tengd mál sé á næsta leiti hjá dómsmálaráðuneytinu. Þó þykir meiri hlutanum ekki ástæða til að bíða með þessa breytingu þar til sú endurskoðun fer fram. Hvetur meiri hlutinn aftur á móti til að smálánastarfsemi verði tekin til sérstakrar skoðunar við þá endurskoðun og að m.a. verði metið hvort reynslan af upptöku þeirrar skráningar- og eftirlitsskyldu sem meiri hlutinn leggur til nú mæli með að fyrirkomulagið sæti breytingum.“

9. Í þessu samhengi er rétt að taka fram að í ræðu framsögumanns efnahags- og viðskiptanefndar við 2. umræðu um frumvarpið kom eftirfarandi m.a. fram: „Nefndin leggur líka til ákveðnar breytingartillögur. Ein af þeim lýtur að svokallaðri skráningarskyldu en á meðal þeirra ábendinga sem nefndinni bárust við umfjöllun málsins var að taka bæri upp leyfisskyldu eða alla vega skráningarskyldu fyrir veitendur lána sem skilgreina mætti sem smálán. Nefndinni var m.a. bent á að víðast hvar í nágrannaríkjum Íslands væri slík skylda fyrir hendi og að á Norðurlöndum væri tilhneigingin sú að taka upp leyfisskyldu í stað skráningarskyldu. Þess ber kannski að geta, virðulegur forseti, að ein af röksemdafærslunum hæstv. ráðherra þegar hún lagði fram frumvarpið var að slík skylda væri of íþyngjandi fyrir þau fyrirtæki sem eru á markaði og það verður auðvitað alltaf að horfa til þess að á þessum markaði á sér stað gríðarleg nýsköpun. Við erum með töluvert af sprotafyrirtækjum sem eru að feta sig inn á markað greiðslumiðlanna og þar af leiðandi líka inn á markað neytendalána. En meiri hlutinn fellst á þær ábendingar sem fram hafa komið við umfjöllun málsins og leggur til að tekin verði upp skráningarskylda hjá Neytendastofu á grundvelli laga um neytendalán fyrir þau fyrirtæki sem veita neytendalán og ekki eru jafnframt fjármálafyrirtæki í skilningi laga um fjármálafyrirtæki. Samhliða verði lánveitendum sem svo háttar til um bætt við gildissvið 1. mgr. 2. gr. peningaþvættis laga og látin sæta eftirliti Fjármálaeftirlitsins á grundvelli þeirra laga, samanber 1. mgr. 38. gr. Til að forðast tvöfalda skráningarskyldu leggur meiri hlutinn til að Neytendastofu verði veitt heimild til að deila upplýsingum um skráða aðila með Fjármálaeftirlitinu. Við teljum að með því að fella neytendalánastarfsemi undir lög um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka eflist opinbert aðhald og eftirlit með starfseminni til muna auk þess sem eftirlit á grundvelli þeirra laga er annars eðlis en við á um eftirlit Neytendastofu á grundvelli laga um neytendalán. Meiri hlutinn vonast til að með þessu móti öðlist yfirvöld breiðari yfirsýn yfir málaflokkinn sem greiði fyrir viðeigandi viðbrögðum þegar upp koma mál sem eru erfið viðureignar. Nefndinni er kunnugt um að heildarendurskoðun á löggjöf um peningaþvætti og tengd mál sé á næsta leiti hjá dómsmálaráðuneytinu. Því kom til vangaveltna um hvort ástæða væri til að bíða eftir því. En niðurstaðan er að meiri hlutanum þykir ekki ástæða til að bíða með þessa breytingu þar til sú endurskoðun fer fram. Hvetur meiri hlutinn aftur á móti til að smálánastarfsemi verði tekin til sérstakrar skoðunar við þá endurskoðun og að m.a. verði metið hvort reynslan af upptöku þeirrar skráningar- og eftirlitsskyldu sem meiri hlutinn leggur til nú mæli með að fyrirkomulagið sæti breytingum.“
10. Af framangreindu leiðir að skilgreining lánamiðlara meðal tilkynningaskyldra aðila átti rót sína að rekja til viðleitni meirihluta efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis til að gera endurbætur á starfsumhverfi smálánafyrirtækja.

## Spurning 2: Í hvaða EFTA-ríkjum og ríkjum hinna Norðurlandanna eru bifreiðaumboð og bifreiðasalar skilgreindir sem tilkynningaskyldir aðilar?

### A. Bifreiðaumboð og bifreiðasalar

1. Hér í upphafi er rétt að taka fram að ekki verður séð að bifreiðaumboð og bifreiðasalar séu með beinum hætti skilgreindir sem tilkynningaskyldir aðilar (e. obliged entities) í tilskipun (ESB) 2015/849, með síðari breytingum, sem hér hefur verið innleidd með lögum nr. 140/2018. Virðist aðeins koma til álitu að bifreiðaumboð og bifreiðasalar teljist til tilkynningaskyldra aðila samkvæmt ákvæðum tilskipunarinnar þegar þeir eiga viðskipti sem greitt er fyrir með reiðufé, hvort sem viðskiptin fara fram í einni greiðslu eða fleiri sem virðast tengjast hver annarri, að fjárhæð 10.000 evrur eða meira, sbr. e-lið 3. tölul. 1. mgr. 2. gr. tilskipunarinnar. Á þessu varð breyting í ESB með gildistöku reglugerðar (ESB) 2024/1624 eins og nánar verður vikið að síðar en téð reglugerð hefur ekki verið innleidd í íslenskan rétt.
2. Til þess er að líta að í 4. gr. tilskipunar (ESB) 2015/849 er að finna ákvæði sem skylda aðildarríkin að ganga lengra en kveðið er á um í skilgreiningum á tilkynningaskyldum aðilum samkvæmt 2. gr. tilskipunarinnar. Þá er aðildarríkjunum heimilað að ganga í vissu tilliti lengra í 5. gr. hennar. Í téðri 4. gr. tilskipunarinnar er sú skylda felld á aðildarríkin að tryggja, á grundvelli áhættumats, að gildissvið tilskipunarinnar nái í heild eða að hluta til starfsgreina og flokka fyrirtækja, annarra en þeirra sem eru skilgreind sem tilkynningaskyld í 1. mgr. 2. gr. tilskipunarinnar, stundi þau starfsemi sem er talin sérstaklega líkleg til að verða nýtt til peningabættis eða fjármögnunar hryðjuverka.<sup>1</sup> Þegar aðildarríki ræðst í slíkar ráðstafanir ber því að tilkynna framkvæmdastjórn ESB um þær.<sup>2</sup> Af þessu orðalagi leiðir að það skilyrði þarf að vera uppfyllt til að lengra verði gengið á grundvelli 4. gr. tilskipunarinnar að sérstaklega líklegt sé að aðilar sem ekki eru skilgreindir sem tilkynningaskyldir aðilar í tilskipuninni stundi starfsemi sem er talin er verða nýtt til peningabættis eða fjármögnunar hryðjuverka. Þannig nægir ekki að líkur séu á að svo verði heldur þarf það að vera sérstaklega líklegt. Þá niðurstöðu verður að leiða í ljós með áhættumati. Í 2. gr. tilskipunarinnar er aðildarríkjunum heimilað að ganga að vissu leyti skemmra en kveðið er á um í tilskipuninni á grundvelli áhættumats.
3. Í 5. gr. er tilskipunarinnar er kveðið á um heimild aðildarríkjanna til að festa í lög strangari ákvæði en þau sem koma fram í tilskipuninni í þeim tilgangi að koma í veg fyrir peningabætti eða fjármögnun hryðjuverka en innan marka Evrópuréttar og innan marka

<sup>1</sup> Aðildarríkin skulu, í samræmi við nálgun sem byggð er á áhættumati, sjá til þess að gildissvið þessarar tilskipunar nái að fullu eða að hluta til starfsgreina og flokka fyrirtækja, annarra en tilkynningarskyldra aðila sem um getur í 1. mgr. 2. gr., sem hafa með höndum starfsemi sem líklegt er að nýtt verði til peningabættis eða fjármögnunar hryðjuverka. Aðildarríki skal, þegar það lætur gildissvið þessarar tilskipunar ná til starfsgreina eða fyrirtækja, annarra en þeirra sem um getur í 1. mgr. 2. gr., tilkynna framkvæmdastjórninni um það.

<sup>2</sup> 1. Member States shall, in accordance with the risk-based approach, ensure that the scope of this Directive is extended in whole or in part to professions and to categories of undertakings, other than the obliged entities referred to in Article 2(1), which engage in activities which are particularly likely to be used for the purposes of money laundering or terrorist financing.

2. Where a Member State extends the scope of this Directive to professions or to categories of undertaking other than those referred to in Article 2(1), it shall inform the Commission thereof.

efnissviðs tilskipunarinnar.<sup>3</sup> Í því felst m.a. að strangari ákvæði verða að samræmast meginreglum Evrópuréttar á borð við frjálst flæði vöru og meðalhóf og byggjast á málefnalegum sjónarmiðum.

4. Í reglugerð (ESB) 2024/1624, um aðgerðir til að koma í veg fyrir misnotkun fjármálakerfisins hvað varðar peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, sem ekki hefur verið tekin upp í EES-samninginn eins og áður var nefnt og er til skoðunar hjá EFTA-ríkjunum<sup>4</sup>, eru bifreiðar skilgreindar sem háverðmæta vörur (e. high-value goods). Í f-lið 3. tölul. 3. gr. reglugerðarinnar<sup>5</sup> eru þeir aðilar sem eiga viðskipti með slíkar vörur, með reglubundnum hætti, skilgreindir sem tilkynningaskyldir aðilar og á þá felldar ríkar skyldur. Af viðauka VI í reglugerðinni verður hins vegar ráðið að svo eigi aðeins við í tilviki viðskipta með bifreiðar að verðmæti 250.000 þús. evrur eða meira, eða sem samsvarar um 36,8 millj. kr. miðað við gengi evru gagnvart íslenskri krónu samkvæmt gengisskráningu Seðlabanka Íslands hinn 21. nóvember 2025.<sup>6</sup>
5. Í ljósi framangreinds verður skoðun á tilkynningaskyldu bifreiðaumboða og bifreiðasala að beinast að landsrétti, a.m.k. meðal EFTA-ríkja innan EES. Skoðunin beindist fyrst og fremst að því hvort bifreiðaumboð eða bifreiðasalar séu með beinum hætti skilgreindir sem tilkynningaskyldir aðilar í EFTA-ríkjunum og á hinum Norðurlöndunum.
6. Noregur<sup>7</sup>: Bifreiðaumboð og bifreiðasölur eru ekki meðal tilkynningaskyldra aðila samkvæmt 4. gr. Lov om tiltak mot hvitvasking og terrorfinansiering (hvitvaskingsloven)<sup>8</sup>. Rétt er að taka fram að í 5. gr. laganna er lagt bann við móttöku reiðufjár að fjárhæð 40 þús. norskum krónur eða meira í viðskiptum. Enga umfjöllum um bifreiðaumboð eða bifreiðasala er að finna í Forskrift om tiltak mot hvitvasking og terrorfinansiering (hvitvaskingsforskriften).
7. Liechtenstein: Bifreiðaumboð og bifreiðasölur eru ekki meðal tilkynningaskyldra aðila samkvæmt 3. gr. Law of 11 December 2008 on Professional Due Diligence for the Prevention of Money Laundering, Organised Crime and Financing of Terrorism.
8. Danmörk: Bifreiðaumboð og bifreiðasölur eru ekki meðal tilkynningaskyldra aðila samkvæmt 1. gr. Bekendtgørelse af lov om forebyggende foranstaltninger mod hvidvask og finansiering af terrorisme (hvidvaskloven). Rétt er að taka fram að í 5. gr. laganna er lagt bann við móttöku reiðufjár að fjárhæð 15 þús. danskar krónur eða meira í viðskiptum auk þess sem óheimilt er að taka á móti greiðslum í 500 evra seðlum samkvæmt 6. gr. a. laganna.
9. Svíþjóð: Bifreiðaumboð og bifreiðasölur eru ekki meðal tilkynningaskyldra aðila samkvæmt 2. gr. Lag (2017:630) om åtgärder mot penningtvätt och finansiering av terrorism. Hins vegar falla aðilar almennt undir tilkynningaskyldu eigi þeir viðskipti þar sem tekið er á móti greiðslu í reiðufé sem nemur 5.000 evrum eða meira.

<sup>3</sup> Member States may adopt or retain in force stricter provisions in the field covered by this Directive to prevent money laundering and terrorist financing, within the limits of Union law.

<sup>4</sup> <https://gagnagrunnur.ees.is/32024r1624>

<sup>5</sup> The following entities are to be considered obliged entities for the purposes of this Regulation: [...] the following natural or legal persons acting in the exercise of their professional activities: [...] persons trading, as a regular or principal professional activity, in high-value goods.

<sup>6</sup> List of high value goods referred to in Article 2(1), point (54): [...] (3) Motor vehicles of a price exceeding EUR 250 000 or the equivalent in national currency;

<sup>7</sup> <https://lovdata.no/dokument/NL/lov/2018-06-01-23>

<sup>8</sup> <https://lovdata.no/dokument/NL/lov/2018-06-01-23>

10. Finnland: Bifreiðaumboð og bifreiðasölur eru ekki meðal tilkynningaskyldra aðila samkvæmt 2. gr. Laki rahanpesun ja terrorismin rahoittamisen estämisestä.
11. Af framangreindu leiðir að í engu EFTA-ríkjanna né hinna Norðurlandanna eru bifreiðaumboð og bifreiðasölur skilgreindir sem tilkynningaskyldir aðilar. Bifreiðaumboð og bifreiðasölur eru hins vegar tilkynningaskyldar samkvæmt ákvæðum reglugerð (ESB) 2024/1624 en aðeins í tilvikum þar sem sýslað er með ökutæki að verðmæti tæplega 37 millj. kr. eða meira.

## B. Lánamiðlarar

12. Eins og áður segir hefur tekið gildi í ESB reglugerð (ESB) 2024/1624, um aðgerðir til að koma í veg fyrir misnotkun fjármálakerfisins hvað varðar peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. Hún hefur ekki hefur verið tekin upp í EES-samninginn eins og áður var nefnt og er til skoðunar hjá EFTA-ríkjunum. Samkvæmt 3. gr. reglugerðarinnar eru fjármálastofnanir (e. financial institutions) meðal tilkynningaskyldra aðila. Nánari skilgreiningu á fjármálastofnunum er svo að finna í 6. tölul. 1. mgr. 2. gr. reglugerðarinnar og samkvæmt h-lið tés 6. tölul. falla lánamiðlarar undir skilgreininguna, en þó að nokkrum skilyrðum uppfylltum. Skilyrðin eru þau að viðkomandi teljist lánamiðlari skv. 2. tölul. 4. gr. tilskipunar 2014/17/ESB og f-liðar 3. gr. tilskipunar 2008/48/ESB þegar hann sýslar með fjármuni í skilningi 25. tölul. 4. gr. tilskipunar (ESB) 2015/2366 í tengslum við lánasamning, en þó ekki ef lánamiðlun viðkomandi er gerð á ábyrgð eins eða fleiri lánveitenda eða lánamiðlara.<sup>9</sup> Rétt er að gera nánar grein fyrir þessum skilyrðum. Samkvæmt 2. tölul. 4. gr. tilskipunar 2014/17/EB er lánamiðlari einstaklingur eða lögaðili, sem starfar ekki sem lánveitandi eða sem lögbókandi, og kemur ekki eingöngu, með beinum eða óbeinum hætti, neytanda í samband við lánveitanda eða lánamiðlara, og sem, innan ramma starfsemi sinnar, viðskipta eða sérgreinar, gegn gjaldi sem getur verið í formi peninga eða annars umsamins fjárhagslegs ávinnings: a) kynnir eða býður neytendum lánsamninga, b) aðstoðar neytendur með því að taka að sér undirbúningsvinnu eða aðra umsýslu áður en samningur er gerður að því er varðar lánsamninga, aðra en um getur í a-lið eða c) gerir lánsamninga við neytendur fyrir hönd lánveitanda.<sup>10</sup> Skilgreining f-liðar 3. gr. tilskipunar 2008/48/EB er samhljóða. Samkvæmt 25. tölul. 4. gr. tilskipunar (ESB) 2015/2366 eru fjármunir peningaseðlar og mynt, inneign á reikningum eða rafeyrir samkvæmt skilgreiningu í 2. tölul. 2. gr. í tilskipun 2009/110/EB.<sup>11</sup>

<sup>9</sup> „a credit intermediary as defined in Article 4, point (5), of Directive 2014/17/EU and in Article 3, point (f), of Directive 2008/48/EC, when holding the funds as defined in Article 4, point (25), of Directive (EU) 2015/2366 in connection with the credit agreement, with the exception of the credit intermediary carrying out activities under the responsibility of one or more creditors or credit intermediaries“

<sup>10</sup> „Credit intermediary’ means a natural or legal person who is not acting as a creditor or notary and not merely introducing, either directly or indirectly, a consumer to a creditor or credit intermediary, and who, in the course of his trade, business or profession, for remuneration, which may take a pecuniary form or any other agreed form of financial consideration:

- (a) presents or offers credit agreements to consumers;
- (b) assists consumers by undertaking preparatory work or other pre-contractual administration in respect of credit agreements other than as referred to in point (a); or
- (c) concludes credit agreements with consumers on behalf of the creditor.“

<sup>11</sup> „funds’ means banknotes and coins, scriptural money or electronic money as defined in point (2) of Article 2 of Directive 2009/110/EC“

13. Af framangreindu er nokkuð ljóst að tilkynningaskylda lánamiðlara, sbr. a-lið 1. mgr. 2. gr. og öðrum ákvæðum laga nr. 140/2018 er ekki aðeins mun víðtækari en tíðkast í regluverki ESB heldur virðist sem þeir hafi ekki verið þar tilkynningaskyldir fyrir gildistöku reglugerðar (ESB) 2024/1624 nema þeir gætu talist til fjármálastofnana eins og síðar verður vikið að. Verður nú vikið að stöðunni í EFTA-ríkjunum og á hinum Norðurlöndunum.
14. Noregur: Lánamiðlarar eru ekki meðal tilkynningaskyldra aðila samkvæmt 4. gr. Lov om tiltak mot hvitvasking og terrorfinansiering (hvitvaskingsloven). Í grein e-lið greinar 5-2 í forskrift om tiltak mot hvitvasking og terrorfinansiering (hvitvaskingsforskriften) er efnislega kveðið á um að lánamiðlunarfyrtæki skuli falla í sama flokk og tilkynningaskyldir aðilar m.t.t. afhendingar upplýsinga og upplýsingaskipta þegar viðskiptavinur er sameiginlegur og tilkynningaskyldir aðilar eiga hlut að máli.<sup>12</sup>
15. Liechtenstein: Lánamiðlarar eru ekki meðal tilkynningaskyldra aðila samkvæmt 3. gr. enskrar þýðingar þarlendra laga um varnir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka (e. Law of 11 December 2008 on Professional Due Diligence for the Prevention of Money Laundering, Organised Crime and Financing of Terrorism)<sup>13</sup>.
16. Danmörk: Lánamiðlara (d. kreditformidler) er ekki getið meðal tilkynningaskyldra aðila samkvæmt ákvæðum 1. kafla Bekendtgørelse af lov om forebyggende foranstaltninger mod hvidvask og finansiering af terrorisme (hvidvaskloven)<sup>14</sup>.
17. Svíþjóð: Lánamiðlara (s. kreditförmedlare) er ekki getið meðal tilkynningaskyldra aðila samkvæmt ákvæðum 1. kafla Lag (2017:630) om åtgärder mot penningtvätt och finansiering av terrorism<sup>15</sup>.
18. Af framangreindu leiðir að aðeins í Finnlandi eru lánamiðlarar tilkynningaskyldir af óljósum ástæðum og í ESB þegar þeir starfa ekki í umboði lánveitenda sem í raun veita lánið og þá aðeins ef þeir sýsla með reiðufé o.fl. í tengslum við lánveitinguna.

### Spurning 3: Hvaða rök liggja að baki í þeim tilvikum þar sem bifreiðaumboð og bifreiðasalar hafa verið skilgreind sem tilkynningaskyldir aðilar í framangreindum ríkjum?

1. Þar sem engin þeirra ríkja sem fjallað var um í svari við spurningu 2 skilgreina bifreiðaumboð og bifreiðasala með beinum hætti sem tilkynningaskylda aðila nema ESB er í raun ekki unnt að svara spurningunni með haldbærum hætti.
2. Eins og áður segir er fjallað um bifreiðaviðskipti í reglugerð (ESB) 2024/1624 sem ekki hefur verið innleidd í íslenskan rétt. Í 20. tölul. aðfararorða reglugerðarinnar er um þetta fjallað en þar kemur m.a. fram að viðskipti með bifreiðar í efri enda markaðarins geti verið viðkvæm m.t.t. hættu á misnotkun í þágu peningabættis og fjármögnunar hryðjuverka. Er vísað til þess að slík tæki megi auðveldlega flytja yfir landamæri ríkja ESB og erfitt geti verið að nálgast skráðar upplýsingar um þau frá þriðju ríkjum. Þá segir í íslenskri þýðingu: „Til að draga úr hættu á því að háverðmæta vörur innan sambandsins verði misnotaðar í glæpsamlegum tilgangi og til að tryggja sýnileika eignarhalds slíkra verðmæta, er

<sup>12</sup> <https://lovdata.no/dokument/SF/forskrift/2018-09-14-1324>

<sup>13</sup> <https://www.regierung.li/files/attachments/952-1-spg-250201-en.pdf>

<sup>14</sup> <https://www.retsinformation.dk/eli/lt/2025/1463>

<sup>15</sup> [https://www.riksdagen.se/sv/dokument-och-lagar/dokument/svensk-forfattningssamling/lag-2017630-om-atgarder-mot-penningtvatt-och\\_sfs-2017-630/](https://www.riksdagen.se/sv/dokument-och-lagar/dokument/svensk-forfattningssamling/lag-2017630-om-atgarder-mot-penningtvatt-och_sfs-2017-630/)

nauðsynlegt að krefja þá sem stunda viðskipti með verðmæti um að tilkynna viðskipti sem varða sölu bifreiða [...].“

3. Til viðbótar má nefna að FATF (Financial Action Task Force) hefur gert bifreiðaviðskipti að umræðuefni í útgáfum sínum, t.d. í skýrslunum Trade-Based Money Laundering: Trends and Developments og Trade-Based Money Laundering: Risk Indicators. Af þeirri umfjöllun verður þó ráðið að hún beinist að bifreiðum og varahlutum í bifreiðar í efri enda markaðarins (e. luxury vehicles).
4. Eins og fram hefur komið vísaði ráðherra í svari sínu við fyrirspurn Bergþórs Ólasonar m.a. til þess að hér á landi hefði verið gengið lengra en leiðir af ákvæðum tilskipunar (ESB) 2015/849 á grundvelli áhættumats. Þá hefur komið fram að í tvígang hefur Ríkislögreglustjóri birt áhættumat vegna peningaþvættis og fjármögnunar hryðjuverka. Í báðum tilvikum fá bifreiðaumboð og bifreiðasalar appelsínugula áhættuflokkun, þ.e. verulega áhættu, á fjögurra þrepa kvarða frá lítilli áhættu til mikillar áhættu. Í umfjöllun ríkislögreglustjóra er m.a. vísað til eðlis bifreiðaviðskipta, sem geta verið tíð með vörur sem hafa nokkurt verðmæti. Nokkur atriði í umfjölluninni vekja sérstaka athygli. Í fyrsta lagi er getið ýmissa laga sem gilda um starfsemi bifreiðaumboða og bifreiðasala og löggjöf á sviði samninga og kröfuréttar sem bifreiðaviðskipti geta fallið undir. Í áhættumati frá árinu 2021 er sú ályktun dregin að litlar kröfur séu í raun gerðar til þeirra sem annast bifreiðasölu. Í engu er þess hins vegar getið, hvorki í mati frá 2021 né 2023, að bifreiðaviðskipti eru ein skráðustu viðskipti sem um getur, annars vegar í ljósi strangra reglna og fyrirkomulags um skráningu eigandaskipta, á grundvelli ákvæða umferðarlaga, og hins vegar að Skatturinn hefur þegar ríkt aðgengi að öllum slíkum upplýsingum, sem í ýmsu tilliti eru forprentaðar í skattframtöl fólks og fyrirtækja. Í öðru lagi getur ríkislögreglustjóri þess að ekki hafi borist margar tilkynningar um peningaþvætti vegna bifreiðaviðskipta. Í þriðja lagi virðast þau dæmi sem ríkislögreglustjóri nefnir og má ætla að hann telji vísbendingu um mögulegt peningaþvætti snúa að dýrum bifreiðum.
5. Í 22. tölul aðfararorða reglugerðar (ESB) 2024/1624 er efnislega tekið fram að þó lánveitendur fasteigna- og neytendalána séu vanalega fjármála- eða lánastofnanir, miðli aðrir aðilar slíkum lánum án þess þó að teljast fjármála- og lánastofnanir og hafi því ekki verið tilkynningaskyldir samkvæmt regluverkinu í ESB þó þeir hafi verið gerðir tilkynningaskyldir í einstökum aðildarríkjum á grundvelli mats á áhættu m.t.t. peningaþvættis og fjármögnunar hryðjuverka. Þá kemur fram að starfsemi slíkra aðila geti verið undirorpin slíkri áhættu en það fari þó eftir rekstrarfyrirkomulagi þeirra. Þá er gefið til kynna að æskilegt sé að aðilar sem sinna sambærilegri starfsemi og fjármálastofnanir og lánveitendur séu undirorpnir sömu kröfum. Þó er sérstaklega tekið fram að þetta eigi ekki við þegar lánamiðlarar starfa fyrir hönd lánveitenda eða fjármálastofnana sem veita samþykki vegna lántöku og afgreiðir lán frá sér og að í slíkum tilvikum ætti tilkynningaskyldan einvörðungu að ná til viðkomandi lánveitanda eða fjármálastofnunar.<sup>16</sup>

<sup>16</sup> Í 22. tölul aðfararorða reglugerðar (ESB) 2024/1624 segir á ensku: „While creditors for mortgage and consumer credits are typically credit institutions or financial institutions, there are consumer and mortgage credit intermediaries that do not qualify as credit institutions or financial institutions and have not been subject to AML/CFT requirements at Union level, but have been subject to such obligations in certain Member States due to their exposure to money laundering and terrorist financing risks. Depending on their business model, such consumer and mortgage credit intermediaries can be exposed to significant money laundering and terrorist financing risks. It is important to ensure that entities carrying out similar activities that are exposed to such risks are covered by AML/CFT requirements, regardless

Ekki verður betur séð en að í tilviki fjölda lánamiðlara, sem skráðir eru á lista Neytendastofu, til dæmis bíla-, vinnuvéla- og raftækjasala, er þetta einmitt eðli starfseminnar.

6. Í frumvarpi til Laki rahanpesun ja terrorismin rahoittamisen estämisesestä, nr. 444/2017<sup>17</sup>í Finnlandi er tekið fram að tilkynningaskyldu lánamiðlara hafi verið bætt við lögum með breytingalögum<sup>19</sup> um sama efni.<sup>20</sup> Í frumvarp til breytingalaganna<sup>18</sup> er ekki að finna ítarlegar skýringar á því hvers vegna lánamiðlarar voru felldir undir tilkynningaskyldu en hins vegar er þess getið í áhrifamati (í undirkaflanum Muut rahoitusalan toimijat) að engir sjálfstæðir lánamiðlarar m.t.t. fasteignalána séu starfandi á finnska markaðnum og jafnframt tekið fram að slíkir lánamiðlarar séu í raun hluti af fjármálastofnunum í Finnlandi. Í áhrifamatinu (í undirkaflanum Panttilainauslaitokset, perintätoimen harjoittajat ja eräät kuluttajaluoton tarjoajat) segir að m.a. ákveðnir neytendalánveitendur sem ekki sæti eftirliti finnska fjármálaeftirlitsins séu þegar undir leyfisveitingareftirliti yfirvalda í suður-Finnlandi.

Bls. | 12



*Kristinn Már Reynisson*  
*lögfræðingur*

---

of whether they qualify as credit institutions or financial institutions. Therefore, it is appropriate to include consumer and mortgage credit intermediaries that are not credit institutions or financial institutions but that are, as a result of their activities, exposed to money laundering and terrorist financing risks. In many cases, however, the credit intermediary is acting on behalf of the credit institution or financial institution that grants and processes the loan. In those cases, AML/CFT requirements should not apply to consumer and mortgage credit intermediaries, but only to the credit institutions or financial institutions.“

<sup>17</sup> [https://www.finlex.fi/fi/lainsaadanto/saadostkokoelma/2017/444#OT0\\_OT1](https://www.finlex.fi/fi/lainsaadanto/saadostkokoelma/2017/444#OT0_OT1)

<sup>18</sup> [https://www.eduskunta.fi/FI/vaski/HallituksenEsitys/Sivut/HE\\_228+2016.aspx](https://www.eduskunta.fi/FI/vaski/HallituksenEsitys/Sivut/HE_228+2016.aspx)